

Nd.

273. Frumvarp til laga

[129. mál]

um útflutning á saltfiski.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Frá 1. janúar 1952 er Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda og Sambandi íslenskra samvinnufélaga heimilt að bjóða til sölu, selja og flytja saltfisk til útlanda, án þess að leyfi atvinnumálaráðuneytisins komi til.

Frá sama tíma er öðrum aðilum óheimilt að bjóða til sölu, selja eða flytja saltfisk úr landi, nema með leyfi atvinnumálaráðuneytisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Snemma á árinu 1951 sagði Samband íslenskra samvinnufélaga sig úr Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, og gildir úrsögnin frá byrjun ársins 1952. Er það ætlun S. Í. S. að hefja útflutning á saltfiski frá þeim tíma. Hefur það óskað útflutningsleyfis fyrir saltfisk eða löggildingar sem saltfisksútflytjandi, en ráðuneytið hefur ekki enn orðið við þeim tilmælum.

Í Sambandi ísl. samvinnufélaga eru 55 samvinnufélög um land allt. Af þeim félögum munu um 30 hafa haft saltfisk til sölumeðferðar undanfarin ár.

Flm. telja eðlilegt, að S. Í. S. fái heimild til sölu á saltfiski, þar sem það hefur ákveðið að hætta þátttöku í Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda. Hins vegar er hér lagt til, að fleiri aðilum en þessum tveim félögum verði ekki leyft að selja saltfisk úr landi að svo stöddu, nema leyfi ráðuneytisins komi til, þar sem þess hefur orðið vart, að margir framleiðendur telja óvarlegt að gefa fiskverzlunina alveg frjálsa.

Þess má geta, að Samband ísl. samvinnufélaga flytur út frystan fisk og hefur annazt sölu á þeirri vöru allt frá því að sá útflutningur hófst.